

ÁKVÖRDUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR

nr. 37/2000
frá 31. mars 2000

um breytingu á bókun 31 við EES-samninginn um samvinnu á sérstökum sviðum utan marka fjórþætta frelsisins

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, eins og hann var aðlagður með bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist hér á eftir samningurinn, einkum 86. og 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Bókun 31 við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 13/98 frá 6. mars 1998⁽¹⁾.
- 2) Rétt er að útvíkka samstarf samningsaðila þannig að það nái til aðgerðaáætlunar bandalagsins varðandi sjaldgæfa sjúkdóma innan aðgerðaramma á sviði almannaeilbrigðis (1999–2003) (ákvörðun Evrópuþingsins og ráðsins nr. 1295/1999/EB⁽²⁾).
- 3) Því ber að breyta bókun 31 við samninginn til þess að unnt sé að gera ráð fyrir þessu útvíkkaða samstarfi frá 1. janúar 2000.

ÁKVEDIÐ EFTIRFARANDI:

⁽¹⁾ Stjtið. EB L 272, 8.10.1998, bls. 18. og EES-viðbætur við Stjtið. EB nr. 42, 8.10.1998, bls. 82.

⁽²⁾ Stjtið. EB L 155, 22.6.1999, bls. 1.

1. gr.

Eftirfarandi breytingar eru gerðar á 16. gr. bókunar 31 við samninginn:

1. Eftirfarandi undirliður bætist við í 1. mgr.:

„- **399 D 1295:** Ákvörðun Evrópuþingsins og ráðsins 1295/1999/EB frá 29. apríl 1999 um samþykkt aðgerðaáætlunar bandalagsins varðandi sjaldgæfa sjúkdóma innan aðgerðaramma á sviði almannaheilbrigðis (1999–2003) (Stjtið. EB L 155, 22.6.1999, bls. 1).“

2. Eftirfarandi komi í stað textans í 2. mgr.:

2. „EFTA-ríkin skulu taka þátt í áætlun og aðgerðum bandalagsins, sem um getur í fyrstu þremur undirliðum 1. mgr., frá 1. janúar 1996; í áætluninni, sem um getur í fjórða undirlið 1. mgr., frá 1. janúar 1997; í áætluninni, sem um getur í fimmta undirlið 1. mgr., frá 1. janúar 1998 og í áætluninni, sem um getur í sjötta undirlið 1. mgr., frá 1. janúar 2000.“

2. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi þann 1. apríl 2000, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi verið sendar sameiginlegu EES-nefndinni (*).

Hún gildir frá 1. janúar 2000

(*) Stjórmsýsluleg skilyrði tilgreind.

3. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild og EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi*
Evrópubandalaganna.

Gjört í Brussel 31. mars 2000.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar
Formaður

F. Barbaso

Ritarar
sameiginlegu EES-nefndarinnar

G. Vik

E. Gerner

